

Gult fyrir sól,

grænt fyrir líf

grátt fyrir þá sem
reka menn út í stríð.




Hvítt fyrir börn sem biðja um frið,




biðja þess eins að mega
að lifa eins og við.




Er ekki jörðin fyrir alla?



Taktu þér blað



Málaðu á það, mynd þar
sem allir eiga öruggan stað





Augu sem sjá,
hjörtu sem slá



hendur sem fegnar halda frelsinu á.



Þá verður jörðin fyrir alla.